




Miðannarmat komið

Nemendur og forráðamenn geta nú skoðað miðannarmat nemenda. Athuga ber að miðannarmatið er ekki endanleg einkunn. Þetta eru skilaboð um hvernig staðan er núna hjá viðkomandi nema. Ef útkoman er ekki góð þarf að spýta í lófana og bæta stöðuna fyrir kennslulok í apríl.

Til að sjá miðannarmatið þarf að fara inn á <https://www.inna.is/Nemendur/> og setja inn kennitölu og lykilorð. Ef þið hafið ekki lykilorð er hægt að fá sent nýtt lykilorð með því að smella á „Sækja nýtt lykilorð“. Viðkomandi fær þá sent nýtt lykilorð á netfangið sem forráðamaður hefur skráð í INNU. Ef það ber ekki árangur er hægt að hafa samband við skrifstofu sem athugar skráningu á netfangi í INNU og lagfærir ef þörf er á. Einungis forráðmenn nemenda yngri en 18 ára geta fengið aðgang að INNU.




Sýningum á söngleiknum fer fækkandi!

Sýningum fer nú fækkandi á söngleiknum Fjögur brúðkaup og jarðarför sem leikfélag FG, Verðandi, hefur verið að sýna að undanförunu. Leiksýningin hefur fengið mjög góð viðbrögð og húsfyllir hefur verið á sýningum. Nú eru aðeins þrjár sýningar eftir, þann 14., 17. og 21. mars, sem er lokasýning.

Hægt er að panta miða í síma 777-0905. Einnig er hægt að kaupa miða við innganginn ef ekki er uppselt.

Myndir frá frumsýningu eru [hér](#).



Glæsilegur árangur í Gettu betur

Lið FG barðist eins og ljón, vann upp forskot Versló og í lokin þurfti að grípa til bráðabana. Hann var æsispennandi, taugaspennan streymdi úr sjónvarpstækjunum. Fyrst svaraði FG rétt, svo Versló og svo... Versló! ÆÆÆ! En svona er þetta. Versló vann með einu stigi, 23-22. Lið FG stóð sig með mikilli þrýði og var skólanum til sóma. Frábær frammistaða. Við tökum þetta bara næst!

Nemendafélagið skipuleggur skíðaferð

Eins og undanfarin ár er NFFG að skipuleggja skíðaferð. Ekki er komin endanleg dagsetning en rætt er um 3. – 5. apríl. Ekki verður farið í ferðina nema fjöldi þátttakenda verði nægur. Kennarar munu fara með og bendum við jafnframt á að [reglur skólans um nemendaferðir](#) verða að sjálfsögðu hafðar í heiðri.